

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Boga Ólafssonar **82**
yfirkennara, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. maí
maí 1957.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Boga Ólafssonar yfirkennara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Boga Ólafssonar yfirkennara.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Menntaskólans í Reykjavík. Rektor skólans hefur með höndum stjórn sjóðsins og ávaxtar hann. Reikning hans skal birta árlega í skýrslu skólans.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða, en $\frac{3}{4}$ hlutum af ársvöxtum hans skal verja árlega til verðlauna, en leggja $\frac{1}{4}$ hluta við höfuðstólinn.

4. gr.

Verðlaun skal veita þeim skólanemanda, er hæsta hlýtur samanlagða árs- og prófseinkunn í ensku við stúdentspróf máladeildar. Nú hljóta tveir eða fleiri nemendur sömu einkunn, og skiptast þá verðlaunin jafnt milli þeirra. Rektor afhendir verðlaunin við skólauppsögn.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

83

17. maí

um breyting á bráðabirgðagjaldskrá fyrir vatnsveitu Hvammstangahrepps
nr. 227 10. des. 1952.

5. gr. orðist svo:

Gjöld samkvæmt ofanskráðri bráðabirgðasþjaldskrá getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50%, ef þurfa þykir, bæði einstaka liði og í heild, án staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem hreppsnefnd Hvammstangahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. maí 1957.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.